

**Nd.**

**517. Breytingartillögur**

[9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „umburðarlyndi“ komi: kristilegu siðgæði.
2. Við 4. gr. Fyrir tölurnar „7, 8 og 9“ komi: 7—10.
3. Við 6. gr. Niður falli úr greininni: „Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum.“
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi isl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
5. Við 10. gr.

Fyrir „Barðastrandarsýslu“ í 4. tl. komi: Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu.
6. Við 11. gr.
  - a) 1. málgr. orðist svo:

Fræðsluráð skal skipað sjö mönnum, og skulu fimm kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kys sér formann og varaformann.
  - b) 2. málgr. orðist svo:

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.
  - c) Í næstsíðustu málgr. falli niður orðin „utan Reykjavíkur“.
7. Við 12. gr. Við bætist nýr töluliður, nr. 5, svo hljóðandi:

Það skal skipuleggja viðuræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukenndu að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

Ráðuneytið setur leiðsögukenndum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.
8. Við 13. gr.
  - a) Niður falli úr 3. málgr. orðin „umdæmisins og þörfum þess“.
  - b) Enn fremur falli niður tvær síðustu málsgreinarnar.

9. Við 14. gr. 1. töluliður 2. málsg. orðist svo:  
Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
10. Við 16. gr. Fyrir orðin „eins fundar eða fleiri“ í síðustu málsgrein komi: funda.
11. Við 17. gr. Á eftir orðinu „erindisbréf“ í 3. málsg. komi: Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra.
12. Við 18. gr.  
a) Orðið „staðsettur“ í lokamálsgrein a-liðar falli niður.  
b) 6. málsg. orðist svo:  
Í kaupstöðum með 10 000 íbúa eða fleiri fara fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólanefndar. Viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn skiptir kaupstaðnum í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisnefnd, skipuð 5 mönnum. Hverfisnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisnefnda skulu vera hin sömu og þau verkefni skólanefnda, sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisnefnda, boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.
13. Við 19. gr. Á eftir orðunum „fylgist með því“ í 1. málsg. komi: og stuðlar að því.
14. Við 20. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:  
Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.
15. Við 21. gr. 1. málsg. orðist svo:  
Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.
16. Við 23. gr.  
a) Framan við greinina bætist ný málsgrein og orðist svo:  
Gerð skólamannvirkja er undirhúin heima í héraði af sveitarstjórn, skólanefnd og fræðsluráði, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis, áður en framkvæmdir hefjast.  
b) Í næstsíðustu málsg. falli niður orðin „að áliti ráðuneytisins“.
17. Við 25. gr.  
a) Í stað orðsins bókasafni í 1. málsg. komi í upptalningunni: safni bóka og annarra námsgagna.  
b) 2. málsg. orðist svo:  
Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.
18. Við 26. gr. Fyrir orðin „á a. m. k. þriggja ára fresti“ komi: þegar ástæða þykir til.
19. Við 30. gr. Síðasta málsg. orðist svo:  
Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.
20. Við 32. gr. Fyrir orðið „umsögnum“ í 1. málsg. komi: tillögum.
21. Við 34. gr. Greinin orðist svo:  
Ráðuneytið setur eða skipar skólabryta til forstöðu mótuneytis í heima- vistar skóla samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar. Eftir tveggja ára setningartíma við sama skóla á bryti rétt á skipun í starf sitt, enda hafi hann meðmæli skólastjóra um skipun í starfið.  
Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.  
Skólabrytar eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarstarfsfólk í mótuneyti.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Þá ræður sveitarstjórn einnig annað starfsfólk grunnskóla en það, sem tilgreint er í 1. og 4. málsg.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila, er réð hann til starfsins, eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

22. Við 37. gr. Aftan við 4. málsg. bætist: Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

Við heimavistarskóla skulu fósstrur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun eiga rétt á skipan í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.

23. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

24. Við 39. gr. Greinin falli niður.

25. Við 40. gr. (verður 39. gr.). Greinin orðist svo:

Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 40. gr., verja fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

26. Við 41. gr. (verður 40. gr.).

a) Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá o. s. frv.

b) 4. málsg. orðist svo:

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekens náms eða námsferða skv. 3. málsg. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

27. Við 42. gr. (verður 41. gr.). Greinin orðist svo:

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskenntutíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

Heimilt er þó skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, að ákveða í upphafi skólaárs, að kennsla hefjist á tímabilinu 15. september til 1. október, og verði þá árlegur kennslutími sem hér segir:

a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,

b) í 4.—9. bekk í 7½ mánuð.

Í þessu sambandi ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð og skólanefnd geta í upphafi skólaárs ákveðið, hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

Kosta ber ávallt kapps um að skipuleggja kennslu á þann hátt, að komist verði yfir námsefni skv. námsskrá, þótt kennslutími sé í lágmarki.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð.

28. Við 43. gr. (verður 42. gr.).

a) Framan við greinina bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt, að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störf-

- um utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta, og skal þar við það miðað, að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki.
- b) Upphaf 1. málsgr. orðist svo:  
Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá o. s. frv.
- c) e-liður orðist svo:  
Kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð.
- d) Inn komi nýr bókstafsliður, er verði j-liður:  
Verklegt nám.
- e) Núverandi j-liður verði k-liður og orðist svo:  
Ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla.
- f) Inn komi ný málsgr. eftir bókstafsliðina, svo hljóðandi:  
Þar, sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu, skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. j-lið. Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekenda-samtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal það metið að nokkru sem verklegt nám, sbr. j-lið þessarar greinar.
- g) Í stað orðanna „Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins“ í síðustu málsgr. komi: Menntamálaráðuneytið.
29. Við 45. gr. (verður 44. gr.).
- a) Framan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:  
Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt, að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Í samræmi við þetta skal starfsskylda nemenda í 8.—9. bekk grunnskóla markast af 40 klukkustundum á viku.
- b) Tölur í g-, h- og i-lið breytist þannig:
- g) í 7. bekk, 1440—1480 mínútur;  
h) í 8. bekk, 1440—1480 mínútur;  
i) í 9. bekk, 1440—1480 mínútur.
30. Við 47. gr. (verður 46. gr.). Síðasta málsgr. orðist svo:  
Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það, sem kenna ber.
31. Við 48. gr. (verður 47. gr.). Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr., sem orðist svo:  
Í fámennum skólum, þar sem nemendur (1.—6. bekkjar) eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu þó ekki vera fleiri en þrjár aldursflokkar saman í bekkjardeild. Þó sé heimilt, ef nauðsyn krefur, að hafa 1.—4. bekk saman í deild.  
Undir slíkum kringumstæðum er æskilegt, eftir því sem við verður komið, að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:
- a) 12 nemendur, ef aldursflokkar eru fjórir,  
b) 17 nemendur, ef aldursflokkar eru þrír,  
c) 22 nemendur, ef aldursflokkar eru tveir.
32. Við 51. gr. (verður 50. gr.). Aftan við greinina bætist:  
Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp.
33. Við 58. gr. (verður 57. gr.). Greinin orðist svo:  
Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58 gr. Kennarar skulu gefa einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Einkunnir skulu færðar í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

34. Við 60. gr. (verður 59. gr.). Greinin orðist svo:  
 Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 8. og 9. bekk svo og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa. Einkunnir úr samræmdum og stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir, og hafi einkunnir kennara ekki áhrif á þær.
35. Við 63. gr. (verður 62. gr.). Upphaf greinarinnar orðist svo:  
 Menntamálaráðuneytið annast m. a. gerð áætlana um umbætur o. s. frv.
36. Við 64. gr. (verður 63. gr.). Greinin orðist svo:  
 Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til þess á fjárlögum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntamálaráðuneytisins, og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.
37. Við 65. gr. (verður 64. gr.). Greinin orðist svo:  
 Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsóknar- og tilraunastarfa skv. 63. gr., skal árlega varið fé, svo sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárens.
38. Við 66. gr. Greinin falli niður.
39. Við 68. gr. (verður 66. gr.).  
 a) Upphaf greinarinnar orðist svo:  
 Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.  
 b) Í stað 4.—5. málsg. komi ein málsg., sem orðist svo:  
 Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skv. lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn, sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi lækni til slíkra starfa.  
 c) Næst síðasta málsg. orðist svo:  
 Sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar gegna störfum sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.
40. Við 70. gr. (verður 68. gr.).  
 a) Fyrri málsg. orðist svo:  
 Ráðgjafar- og sálfræðipjónustan lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólastjóra.  
 b) Síðari málsg. orðist svo:  
 Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustunnar hafa sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur eiga þeir rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðipjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum eða kennurum.
41. Í stað 73. og 74. gr. komi ein grein (verður 71. gr.), svo hljóðandi:  
 Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Setur ráðuneytið í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna, svo sem skólasálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Forstöðumenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skulu hafa lokið kandidatsprófi eða sambærilegu prófi í sálarfræði.  
 Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum tillögum fræðsluráðs.

42. Við 75. gr. (verður 72. gr.). Greinin orðist svo:

Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningubókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólabókasöfnum skal þannig hútið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggjur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau.

Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti, setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

43. Við 77. gr. (verður 74. gr.). Síðasta málgr. falli niður.

44. Við 80. gr. (verður 77. gr.). Fyrir orðið „aðstoðarskólastjóra“ í a-lið komi: yfirkennara.